

Stefnumótandi byggðaáætlun 2017 - 2023

## Stiklur: Áherslumál á samráðsfundum

vorið 2016.

Í nýjum lögum um byggðaáætlun og sóknaráætlanir, nr. 69/2015, er m.a. kveðið á um að byggðaáætlun skuli ná til 7 ára í stað 4 áður, og til landsins alls og þar með höfuðborgarsvæðisins, að Byggðastofnun skuli vinna byggðaáætlun í umboði ráðherra og að samráð skuli haft við sveitarfélög, landshlutasamtök sveitarfélaga, ráðuneyti og aðra haghafa. Í erindisbréfi Byggðastofnunar er kveðið á um skil hennar á byggðaáætlun til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins 1. nóvember 2016. Byggðastofnun hefur því lagt mikla áherslu að ná í vorkundum í ráðuneytum og samráðsvettvöngum landshlutasamtaka sveitarfélaga til þess að opna samráðsferlið og stefnir á að ná fundum aftur með haustinu þegar byggðaáætlunin hefur þróast meira. Á þessum vorkundum hefur Byggðastofnun lagt fyrir meginmarkmið með áætluninni eins og þau eru sett fram í lögnum um byggðaáætlun og sóknaráætlanir. Umræður á fundunum hafa því fjallað um stórar línur og nokkuð almennt. Eftirtaldir fundir hafa farið fram frá því snemma í apríl:

- |  |   |
|--|---|
| 7. apríl: Félag landshlutasamtaka sveitarfélaga, Reykjavík.    | 4. maí: SSV, Hvanneyri.   |
| 12. apríl: Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál, Reykjavík. | 19. maí: Utanríkisráðuneytið, Reykjavík.                                      |
| 12. apríl: SASS, Fljótshlíð.                                   | 1. júní: Forsætisráðuneytið, Reykjavík.                                       |
| 13. apríl: SSA, Egilsstöðum.                                   | 2. júní: FV, Ísafirði.  |
| 26. apríl: SSNV, Blönduósi.                                    | 8. júní: SSS, Reykjanesbæ.  |
| 27. apríl: Mennta- og menningarmála-ráðuneyti, Reykjavík.      | 9. júní: Eyþing, Akureyri.  |
| 27. apríl: Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, Reykjavík.         | 21. júní: Starfshópur um að treysta innviði og búsetu í sveitum, Sauðárkróki. |
| 28. apríl: Innanríkisráðuneyti, Reykjavík.                     | 24. júní: Velferðarráðuneytið, Reykjavík.                                     |
| 28. apríl: Fjármála- og efnahagsráðuneyti, Reykjavík.          | 24. júní: Ráðgjafarráð byggðaáætlunar, Reykjavík.                             |
|  | Eftir stendur fundur í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.                 |

### Landshlutasamtök sveitarfélaga og samráðsvettvangar þeirra:

Helstu umræðu- og áherslupættir á fundunum voru þessir:

#### Stefnumótandi byggðaáætlun:

Gagnrýnisraddir á fundum sögðu að áherslur byggðaáætlunar væru hinar sömu og fyrir 35 árum síðan, að Háskólinn á Akureyri væri eina byggðaaðgerðin til þessa en hefði ekki verið í byggðaáætlun. Byggðaáætlun hefði aldrei verið stór áætlun, fjármunir í hverja aðgerð óljósir og framkvæmd áætlunarinnar því ógagnsæ. Nokkrir lýstu þreytu á áætlunum sem ekki leiddu til mikils. Eftirlit með framkvæmd áætlana ríkisins væri rýrt og óljóst hvort þær leiddu til einhvers, hvort af þeim yrði árangur. Byggðastofnun ætti að starfa eins og Jafnréttisstofa. Þá að Byggðastofnun greini hvernig ákvarðanir stjórnvalda hafa mismunandi áhrif á byggðir og þróun þeirra. Og þá að á Íslandi sé ekki – en vanti - samræmd skipan áætlana með skýrri framtíðarsýn til langs tíma, „masterplan“ heldur margar, áhrifalítlar og jafnvel misvísandi áætlanir.

Breyta þurfi hugsunarhætti. Byggðaáætlun sé tækifæri. Auka þarf samstarf og samtal á milli stofnana og stjórnstiga. Byggðaáætlun gæti nýst vel, hvernig auðlindaskattur gæti komið inn. Rætt

var um annan hugsunarhátt við mótun byggðaáætlana og byggðaaðgerða í nágrennalöndum, einkum Noregi og Skotlandi, að markaðshugsun væri of stíf á Íslandi, arðsemiskrafan skilgreind of þröngt. Fram komu lýsingar á byggðaaðgerðum þar. T.d. að í hvorugu þessara landa er feimni við að veita fjármunum til byggðapróunar því þær eru taldar arðbærar til lengri tíma fyrir alla. Í þessu sambandi var vikið að pósthjónustu á Íslandi.

Spurt var um samspil áætlana, t.d. stöðu byggðaáætlunar og samgönguáætlunar gagnvart fjármálaáætlun og hvort byggðáætlun yrði opið gagn.

Spurt var um fjármuni í byggðaáætlun, hvort þeir muni duga til einhverra aðgerða sem munar um. Víða var rætt um nýja stöðu fyrir mótun byggðaáætlunar og hvort ætti að nýta hana til að til þess að gera gagngerar breytingar.

#### **Sóknaráætlanir landshluta:**

Veita þurfi meira fjármagni í sóknaráætlanir. Þarf klára verkaskiptingu, hver gerir hvað, ríki eða sveitarfélög. Rætt var að sóknaráætlunarverkefnið geti verið aðlögun að frekari dreifstýringu hér á landi.

#### **Fjarskipti:**

Alls staðar kom fram mikil áhersla á ljósleiðaravæðingu og óánægja með hvernig útboði var háttað síðast þegar átti að leggja ljósleiðara þar sem þörfin var brýnust en var ekki, heldur þar sem hagkvæmast var. Rætt var um að kostnaðarhluti ríkisins við ljósleiðaravæðinguna væri áætlaður 6 milljarðar.

Fram komu sjónarmið um að grunnet símans ætti að vera í sameign þjóðarinnar. Eigendafyrirkomulagið truflaði og tefði ljósleiðaravæðinguna.

#### **Samgöngur:**

Mikilvægt byggðamál væri að bæta „litlu“ vegina, innanhéraðavegi. Hugsanlega mætti gera það sem átaksverkefni.

Fram kom óánægja með innanlandsflugið, hversu dýrt það væri og mikilvægt væri að ríkið styrkti áætlunarflug innanlands.

#### **Nýting náttúruauðlinda:**

Leggja þarf áherslu á að nýta auðlindir sem næst þeim, draga úr flutningi.

#### **Íbúðarhúsnæði:**

Víða er skortur á íbúðarhúsnæði. Vaxandi að íbúðarhúsnæði – og bújarðir – séu í eigu fólks sem býr annars staðar, til frístundanotkunar.

#### **Stofnanastefna:**

Stofnanir ríkisins vinna gegn hver annarri. Í gildandi byggðaáætlun er stefnt að fjölgun opinberra starfa utan Reykjavíkur en störfum og starfsfólki er fækkað t.d. á heilbrigðisstofnunum. Móta þarf stefnu með framtíðarsýn fyrir stofnanir ríkisins, lýsa því hvaða þjónustu á að veita utan höfuðborgarsvæðisins. Beita mætti stofnstyrkjum eða niðurgreiða stofn- og flutningskostnað stofnana sem færa sig út fyrir höfuðborgina.

Jafna þarf aðgengi að opinberri þjónustu. Rætt um skilgreiningu á lágmarksþjónustu.

Leggja bæri áherslu að koma nýjum stofnunum og nýjum verkefnum stofnana fyrir utan höfuðborgarsvæðisins. Flytja þarf þekkingarstarfsemina út í landsbyggðirnar, kennslu á háskólastigi.

#### **Menntmál:**

Framhaldsskólinn var ræddur, þróun hans síðustu misseri, staða og líkleg þróun. Talað var um að framhaldsskólinn væri deyjandi og að skilyrði til meistaranáms iðngreina yrði að vera fyrir hendi víða um land. Framhaldsskólinn beinir unga fólkinu í bóknám. Ekki nægilegt samhengi milli framhaldsskólanáms og staðbundinna atvinnuvega, mannauðs og menningar.

#### **Jöfnun rekstrarskilyrða fyrirtækja:**

Fyrirtæki koma sér fyrir þar sem hagkvæmast er og jafna þarf þann mun, rekstrarskilyrðin, t.d. skatthlutfall og flutningskostnað.

**Skattatekjur:**

Áhersla kom fram á að sveitarfélög fengju hlut af skattatekjum af ferðapjónustu því þau þyrftu að bera af henni mikinn kostnað.

**Þjónustukostnaður:**

Kanna þarf og lýsa mismunandi aðgengi og kostnaði við þjónustusókn eftir svæðum.

Rætt var að endurskoða þurfi og endurhugsa samninga um verkefni sem sveitarfélög taka að sér fyrir ríkið. Kostnaður og samningsupphæðir yrðu að standast á.

Þá komu fram viðhorf um að sveitarfélögin sjálf væru veiki hlekkurinn í byggðapróun. Þau væru fámenn og veikburða til þess að taka að sér verkefni. Það leiddi til samkeppni milli þeirra sem byggðist á röngum forsendum og kæmi í veg fyrir samstöðu um stóru málin. Hana vantar og það er skaðar byggðapróun. Þá að sveitarfélögin væru svo upptekin af nærþjónustunni og það truflaði stóru málin. Þessu tengdust umræður um að af innansveitardeilum vegna kosninga um sameiningar sveitarfélaga hlytust sár sem tæki áratugi að græða og greru jafnvel ekki. Þessi skaði væri meiri en ávinningurinn af sameiningarkosningum, tími þeirra væri liðinn og Alþingi þyrfti að segja fyrir um sameiningar sveitarfélaga.

**Höfuðborgin og aðrar byggðir landsins:**

Meiri hluti þjóðarinnar hefur ekki áhuga á byggðamálum. Hann býr á höfuðborgarsvæðinu. Skynsamlegt er að nota allt landið. Svára þarf spurningunni *af hverju búum við dreift?* Mikilvægt að sterkt samband sé á milli höfuðborgarinnar og landsins alls, við erum aðeins vel 300 þúsund íbúar og eigum ekki að haga okkur eins og við séum ekki í sama liði. Skynsamleg umræða þyrfti að byggja á staðreyndum og samanburði á þeim t.d. á samanburði á fjárfestingum ríkisins eftir landshlutum. Hvað vegur Landsspítalinn þungt í því sambandi?

**Stjórnarráðið:****Byggðaáætlun:**

Margar áætlanir ráðuneyta eru gerðar og gildandi og rætt hvort byggðaáætlun gæti nýst til þess að draga fram áherslur úr öðrum áætlunum, hvað samþætting fæli í sér, tilvísanir, endurtekningu tillagna eða reglulegt samtal og sameiginlega yfirferð á framvindu. Í ráðuneytunum var almennt vel tekið í samþættingu áætlana og vilja lýst til þess og aðstoð heitið.

**Fjármálaáætlun:**

Rætt var um ný lög um opinber fjárlög og fjármálaáætlun til 5 ára þar sem lýst er hvernig rekstri 34 málefnasviða verður háttáð þessi 5 ár. Rætt um reiknilíkön og mögulegar breytingar t.d. þar sem vegalengdir hefðu vægi. Rætt um nýtt ákvæði í lögum um að Byggðastofnun yfirfari fjárlagafrumvarp m.t.t. byggðaáhrifa og skilyrði þess að ráðuneyti greindu hvaða áætlanir þeirra og fjárveitingar byggðastyrkir, þ.m.t. til höfuðborgarsvæðisins. Þetta væru mikilvægar upplýsingar fyrir mat Byggðastofnunar á fjárlagafrumvarpi. Þessar upplýsingar þyrftu að byggjast á því hvar þjónusta er veitt, ekki hvaðan hún er sótt.

**Jöfnun aðgengis:**

Rætt var að ekki væri hægt að jafna alla aðstöðu alveg, hvernig mætti finna viðsættanlegan jöfnuð, að víglínan væri ekki á milli höfuðborgarsvæðisins og annarra landshluta heldur milli landsins og útlanda, mikilvægi þess að háskólastarf tengdist nærsamfélagi, ljósleiðaravæðingu og efni sem ljósleiðari gæti gert aðgengilegt, t.d. menntaneti og netháskóla sem kynni að breyta mati á mikilvægi staðsetningar háskóla í landinu.

Rætt var að markmið stönguðust á, t.d. markmið um jafna þjónustu og markmið um hagkvæman rekstur.

Rætt var um að jafna aðstöðu til styrkja til rannsókna og að slíkar aðgerðir væru til þess fallnar að draga úr gæðum sem væri slæmt fyrir alþjóðlegt rannsóknasamstarf.

**Efling stjórnsýslu:**

Rætt hvort byggðaáætlun gæti nýst til þess að efla stjórnsýslu landshlutasamtaka sveitarfélaga og menningarfulltrúa þeirra.

**Norðurslóðamál:**

Rætt um norðurslóðamál og áætlanir og tengda fjármuni, samstarf og stofnanir. Hvort samhæfa mætti stofnanir og fyrirtæki og lyfta einum stað á Íslandi sem miðstöð norðurslóðamála.

**Höfuðborgin og aðrar byggðir landsins:**

Rætt var að ávinningur væri að því að höfuðborgarsvæðið væri viðfangsefni byggðaáætlunar þó skilyrði ríkisins til fjárhagsstuðnings væru takmarkaðir á því svæði. Umræðan um höfuðborgarsvæðið og landsbyggðina þyrfti að byggjast á skynsemi, staðreyndum, góðum upplýsingum, t.d. um skiptingu fjárveitinga eftir landshlutum, og á virðingu fyrir stöðu og hlutverki hvers landshluta.

**Ráðgjafarráð byggðaáætlunar:**

Fyrsti fundur ráðgjafarráðsins var haldinn í Reykjavík 24. júní. Innleiðandi umræður um starf, starfshætti og verkskil fóru fram en ekki var leitast við að setja fram ályktanir. Rætt var að lítið færi fyrir byggðaáætlunum, um framkvæmd gildandi byggðaáætlunar, um að huga mætti að nýjum leiðum til framsetningar og kynningar, mikilvægi atvinnulífs fyrir byggðaþróun, að komast þyrfti upp úr „þvarginu“ og að staða sumra byggðarlaga væri alvarleg.